



Sveitarstjórnarfundur 05. júní 2025

Fimmtudaginn 05. júní 2025 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 31. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangsnesi.

Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Halldór Logi Friðgeirsson, Ísabella Benediktsdóttir.

Oddviti setti fund kl. 20:00.

Ísabella Benediktsdóttir ritar fundargerð á tölvu.

Dagskrá 31. fundar:

1. Fundargerð 30. sveitarstjórnarfundar 11.05.2025
2. Fundargerðir nefnda
3. Aðrar fundargerðir
4. Ársreikningur 2024
5. Fyrirhugaðar framkvæmdir
6. Umsókn um leiguhúsnæði í Kaldrananeshreppi
7. Umsókn um lóð í Kaldrananeshreppi
8. Innviðir sumarhúsaahverfis Klúku
9. Erindi frá Ísafjarðarbæ

Fundargerð:

1. Fundargerð 30. sveitarstjórnarfundar 11.05.2025.

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.
Fundargerð lögð fram til kynningar.

2. Fundargerðir nefnda

Fundargerð fræðslunefndar 20.05.2025.

Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir.

Fundargerð hafnarnefndar 27.05.2025.

Fundargerð lögð fram til kynningar. Sveitarstjórn staðfestir lið 1 og 2. Sveitarstjórn felur oddvita að óska eftir kostnaðaráætlunar vegna liðar 3. Borið upp og samþykkt.

3. Aðrar fundargerðir

Engar aðrar fundargerðir

4. Ársreikningur 2024 fyrri umræða

Sveitarstjórn vísar ársreikningi 2024 til annarrar umræðu.
Borið upp og samþykkt.

5. Fyrirhugaðar framkvæmdir

Oddviti gerir grein fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum.

HL
HCF
A.B.P.

Lagt fram til kynningar.

6. Umsókn um leiguhúsnæði í Kaldrananeshreppi

Umsókn barst um leiguhúsnæði þar sem óskað var eftir leiguíbúð á Drangnesi.

Sveitarstjórn tekur vel í umsóknina, en hefur ekki húsnæði á lausu sem stendur og færir umsóknina á biðlista.

Oddvita falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

7. Umsókn um lóð í Kaldrananeshreppi

Hreppnum barst ein umsókn þar sem óskað var eftir því að fá leigða lóð númer 9 í landi Klúku í Bjarnarfirði.

Sveitarstjórn tekur vel í umsóknina og samþykkir að afhenda umbeðna lóð.

Oddvita falið að bregðast við.

Borið upp og samþykkt.

8. Innviðir Sumarhúsaþverfis Klúku

Sveitarstjórn ákveður fela oddvita að annast tengingar á köldu og heitu vatni að nýju sumarhúsaþverfi á Klúku.

Borið upp og samþykkt.

9. Erindi frá Ísafjarðabæ

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps lýsir yfir vilja til að taka þátt í slíkum viðræðum.

Borið upp og samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið klukkan 22:00

Finnur Matsson
Hallgrímur Lóessi
J. B. Petersen